

Atvinnumálanefnd

SASS Þing 18.10.2012

Efling atvinnuþróunar og ráðgjafar

- Ársþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið á Hellu dagana 18. og 19. október 2012 hvetur nýkjörna stjórn SASS til þess að sjá til þess að vegur atvinnuþróunar á Suðurlandi verði áfram skýr innan sameiginlegrar stoðstofnunar og að nægur mannaflí verði til staðar til þess að sinna auknum verkefnum ríkisins í tengslum við sóknaráætlun og vandi til verka við skipulag á starfsemi nýrrar stofnunnar.
- Þingið leggur einnig til að við útdeilingu fjármuna til ýmissa byggðastyrkjandi verkefna er landshlutum mismunað.
- Mikilvægt er að fjárveitingar taki mið af ólíkri stærð landshluta, ólíkum eiginleikum, fjölda íbúa og fleiri þáttum til að nálgast skiptinguna út frá sanngirni og gegnsæjum reglum.

Virðisaukaskattur á ferðapjónustu

- Ársþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið á Hellu dagana 18. og 19. október 2012, telur að endurskoða þurfi fyrirhugaða hækkun vsk. Hækkun virðisaukaskatts þarf að vera hófleg til þess að skaða ekki ferðapjónustuna og þingið hvetur stjórnvöld til að gefa greininni aðlögunartíma til þess að koma þessu á. Þess vegna er lagt til að skatturinn verði lagður á í áföngum og áhrif á rekstrarumhverfið verði kannað meðfram þeim breytingum.
- Ferðapjónustan er orðin grunnatvinnugrein í hinum dreifðari byggðum, fjárfesting þar hefur verið mikil á undanförunum árum og er að skila umtalsverðum tekjum til samfélagsins. Þess vegna er mikilvægt að raska ekki rekstrarumhverfi atvinnugreinarinnar.
- Jafnframt hvetur ársþingið þingmenn Suðurlands til að taka höndum saman og standa með sínu fólki og fyrirtækjum í fjórðungnum og taka afstöðu með þeim í þessu máli

Matvælaframleiðsla

- Ársþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið á Helli dagana 18. og 19. október 2012 beinir því til sveitarstjórna á Suðurlandi að hvetja fyrirtæki enn frekar til aukinnar fullvinnslu matvæla og að tryggja aðgengi að ferskum íslenskum matvælum. Ársþingið leggur áherslu á að starfsemi Matarsmiðjanna á Höfn og Flúðum verði eflað til muna.

Rammaáætlun

- Ársþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið á Hellu dagana 18. og 19. október 2012,. Ársþingið leggur áherslu á að Alþingi afgreiði málið á sem faglegastan hátt, taki mið af niðurstöðu verkefnastjórnar um vernd og nýtingar náttúrusvæða og taki tillit til mögulegrar atvinnuuppbyggingar á Suðurlandi.
- Ársþingið gerir þó alvarlegar athugasemdir við þá skerðingu skipulagsvalds sveitarfélaga þar sem rammaáætlun er gerð bindandi við gerð skipulagsáætlana eins og tillaga ríkisvaldsins felur í sér.

Orkumál

- Ársþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið á Helli dagana 18. og 19. október 2012, gerir kröfu til að mun stærri hluti þeirrar orku sem framleiddur er á Suðurlandi verði nýttur á svæðinu til atvinnusköpunar, en nú eru 4% framleiddrar raforku nýtt á Suðurlandi en 50% virkjaðs vatnsafls og 70% virkjaðs háhita á landinu kemur frá Suðurlandi. Til þess liggja fleiri rök en atvinnusjónarmið. Flutningur raforkunnar færi um skemmri veg sem þýðir minna orkutap og minni sjón- og umhverfismengun af háspennulínunum. Það er einnig í anda hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar að landshlutinn njóti í meira mæli þess efnahagslega ábata sem virkjun vatnsafls og háhita hefur í för með sér. Ársþingið bendir á að samkvæmt Rammaáætlun falla 6 vatnsaflsvirkjunarkostir í orkunýtingarflokk, þar af 4 á Suðurlandi.
- Ársþingið vill jafnframt skora á orkufyrirtækin að beita sér fyrir því að sá virðisauki sem verði til við virkjanir á svæðinu skili sér í aftur til samfélagsins.

Stjórn fiskveiða

- Ársþing SASS haldið á Helli dagana 18 og 19 október hvetur til þess að endurskoðun stjórnar fiskveiða taki mið af niðurstöðu endurskoðunarnefndar um sjávarútveg.
- Sömuleiðis er mikilvægt að ábati auðlindagjaldsins skili sér aftur til sjávarbyggðanna
- Einnig er lagt til að veiðigjaldið verði hóflegt og taki mið af stöðu fyrirtækjanna.

Jöfnun húshitunarkostnaðar

- Ársþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið á Hellu dagana 18. og 19. október 2012, gerir leggur til að unnið verði að jöfnun húshitunarkostnaðar á landinu
- Þrjú svæði á landinu hafa um langt árabil glímt við stöðuga fólksfækkun.: Vestfirðir, hluti Norðausturlands og dreifðar byggðir Suðausturlands. Þau eiga það sameiginlegt að jarðhita er ekki að finna og húshitunarkostnaður því íþyngjandi fyrir fjölskyldur og fyrirtæki. Munur á orkukostnaði má jafna við 12. mánuð í launum fólks.
- Loforð um jöfnun húshitunarkostnaðar var gefið á fundi ríkisstjórnar á Vestförðum síðast liðið vor. Í desember síðast liðnum lagði starfshópur á vegum iðnaðarráðherra til að leggja 10 auro skatt til viðbótar á hverja framleidda kílóvatt stund til að fjármagna jöfnunina.

Þriggja fasa rafmagn

- Nútímasamfélag krefst þess að hafa aðgang að þriggja fasa rafmagnni. Uppá það vantar talsvert á Suðurlandi. Ársþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið á Hellu dagana 18. og 19. október 2012 leggur til að þessu verði strax kippt í liðinn.